

CTEK

E-MOBILITY

Bindi

1

CTEK

E-MOBILITY

Hleðslustöð módel CHARGESTORM® Connected



Notandahandbók CHARGESTORM® Connected

Notandahandbók

CHARGESTORM® Connected

CTEK E-Mobility Center
Malmgatan 4
SE-602 23 Norrköping, Sweden
Sími: +46 11 333 0002 • Fax +46 11 333 0003
Netfang: emobilitysupport@ctek.com
Skjalnúmer: Pd_UM_0005, version A.7
Greinarnúmer: 710-00001

Athugið

Þessi handbók er gefin út í upphaflegu ástandi og inniheldur efni sem getur breyst án fyrirvara. CTEK E-Mobility ábyrgist ekki að allt sé rétt í þessari handbók. CTEK E-Mobility ber enga ábyrgð á bilun eða slysum eða skemmdum sem hægt er að rekja til notkunar á þessari handbók.

© Höfundarréttur CTEK E-Mobility. Allur réttur takmarkaður. Afritun, endurritun eða þýðing á þessari handbók er stranglega bönnuð nema með skriflegu leyfi frá CTEK E-Mobility, fyrir utan það sem reglugerðir um höfundarréttarlög ná yfir.

Útgáfa

Útgáfa A Júní 2019

Efnisyfirlit

Módel og afbrigði.....	1
Innihald	2
Nánari upplýsingar	2
Hlutar á <i>CHARGESTORM® Connected</i>	3
Notkun.....	4
Bíllinn tengdur	4
Opinn aðgangur	4
RFID-aðgangur	4
Stöðutákn	5
Ábyrgðaryfirlýsing CTEK E-Mobility	7
Aðstoð vegna <i>CHARGESTORM® Connected</i>	9



CHARGESTORM® CONNECTED - kynning

CHARGESTORM® CONNECTED, fjölkaf hleðslustöð fyrir rafbíla.

Til hamingju! CHARGESTORM® Connected kemur með nýjan staðal fyrir hleðslustöðvar. Hún er nútímalega hönnuð, auðveld í notkun og hefur margar nytsamlegar aðgerðir sem tengjast hleðslu á rafbílum.

Módel og afbrigði

Hleðslustöðin færst í mörgum mismunandi afbrigðum (mismunandi hleðsluafli og fjöldi innstunga, til dæmis). Hægt er að sjá lista yfir öll módel á gagnablaðinu. Öll CHARGESTORM® Connected módel hafa það sameiginlegt að geta tengst við bakvinnslukerfi/vefgátt.

Innihald


Með vörunni fylgja:

1. Hleðslustöðin, CHARGESTORM® Connected
2. Notandahandbók og handbók um uppsetningu
3. 2 stk lyklar til að opna tækið
4. Strengþéttinippill og hlíf fyrir rafmagnssnúru og netsnúru
5. Haldari fyrir hleðslubyssu (ef hleðslustöðin er útbúin með fastri snúru)

Nánari upplýsingar

1. *Handbók um uppsetningu* sýnir hvernig á að setja upp hleðslustöðina, tengja rafmagnssnúruna og hvernig á að tengja hleðslustöðina við netið (Pd_IM_011).
2. *Gagnablað*, sem hægt er að sækja á vefsíðu okkar: www.ctekemobility.com

Hlutar á CHARGESTORM® Connected



Mynd 1 Hlutar

- 1) **Framþil.** Hægt er að setja framþilið niður þegar það er ólæst.
- 2) **Skjár** með táknum fyrir hleðslustöðu. Stöðutáknin sýna núverandi hleðslustöðu stöðvarinnar. Stöðuvísarnir sýna stöðu fyrir hverja innstungu. Einnig er RFID-tákn á skjánum.
- 3) **Bakþil**
- 4) **Rafmagnskassi.** Í kassanum eru stjórnþekkin fyrir hleðslu. Opna verður lásinn sem er efst með lykli til að komast í kassann
- 5) **Tengi fyrir rafbíl.** Gerð tengis fer eftir módeli. Gerð tengis er annað hvort innstunga eða föst snúra með hleðslubýssu á endanum.



Notkun

CHARGESTORM® CONNECTED, hleðslustöð sem er auðveld í notkun.

Hað er skemmtilegt og einfalt að hlaða rafbílinn þinn með CHARGESTORM® Connected. Hægt er að nota hleðslustöðina í tveimur mismunandi auðkenningarstillingum. Fyrsta stillingin er „**open access (opinn aðgangur)**“, þá byrjar hleðsla um leið og bílinn er tengdur við hleðslustöðina. Hin stillingin „**RFID access (RFID-aðgangur)**“ byrjar ekki að hlaða fyrr en búin er að nota RFID-aðgangskort fyrir auðkenningu.

Bílinn tengdur

Tengdu snúruna úr rafbílnum við innstunguna til að byrja að hlaða, sjá stöðu 5 á mynd 1. Athugaðu að þilið verður að vera opið. Hleðsla hefst þegar kveikt er á bláa rafhlöðutákninu. Ef hleðslustöðin er útbúin með fastri hleðslusnúru skal tengja hleðslubyssuna við bílinn til að byrja að hlaða.

Opinn aðgangur

Í stillingunni opinn aðgangur byrjar hleðsla þegar snúra er tengd á milli bílsins og hleðslustöðvarinnar. Rafhlöðutáknið mun blikka með bláu ljósi á meðan hleðsla fer fram. Sjá kaflann **Stöðuvísar** til að fá útskýringar á táknum.

RFID-aðgangur

Í RFID-stillingu verður ökumaðurinn að nota RFID-aðgangskort/lykil áður en hægt er að hlaða:


1. Ökumaður tengir snúruna við hleðslustöðina (**áður** en RFID-auðkenning fer fram).
2. Hleðslustöðin blikkar tvisvar með grænu ljósi til að sýna að snúran var numin.
3. Ökumaðurinn heldur RFID-kortinu fyrir framan RFID-táknið á hleðslustöðinni.
4. Hleðslustöðin blikkar með gulu ljósi á meðan RFID-auðkennið er staðfest (hám. 40 sek.). Ef lykillinn hefur verið notaður áður á hleðslustöðina tekur staðfestingin minna en 1 sekúndu.
5. Svörun eftir niðurstöðum:
 - a. RFID-táknið blikkar með grænu ljósi þegar RFID-lykillinn er staðfestur. Hleðsla hefst.
 - b. RFID-táknið blikkar með rauðu ljósi þegar RFID-lykillinn er ekki staðfestur. Hleðsla hefst ekki.

6. Þegar RFID-auðkenni hefur verið staðfest, hefst hleðsla og bláa rafhlöðutáknin kviknar þar til snúran er tekin úr sambandi.
7. ENDIR

Athugið




Til eru margir mismunandi RFID-lyklar. Hafðu samband við okkur ef lyklarnir þínir eru ekki frá CTEK E-Mobility, og við getum athugað hvort hægt sé að nota lyklana þína með hleðslustöðinni. ISO1443A/Mifare er RFID-staðallinn sem er studdur.









Stöðutákn



Mynd 2 Stöðutákn

Eftirfarandi tafla útskýrir stöðutáknin.

Tákn	Litur táknis	Stilling (RFID Opinn)	Útskýring
		Opinn	RFID-tákn ekki kveikt
	Grænt	RFID	Bíður eftir RFID-lykli
	Blíkkar með gulu ljósi	RFID	Staðfesting í gangi. Bíddu!
	Blíkkar með grænu ljósi	RFID	RFID-lykill staðfestur. Hleðsla hefst.

	Blikkar með rauðu ljósi	RFID	RFID-lykill ekki staðfestur (notandi hefur ekki leyfi til að hlaða).
	Grænt	RFID/Opinn	Tilbúinn fyrir hleðslu.
	Stöðugt blátt ljós	RFID/ Opinn	Bíll tengdur en hleður ekki. U (Mögulega fullhlaðinn)
	Blikkar með bláu ljósi	RFID/ Opinn	Hleðsla stendur yfir
	Stöðugt rautt ljós	RFID/ Opinn	Aðvörun virk. Yfirleitt hefur öryggi rofnað. Hleðslustöðin þarfnast viðgerðar.
	Blikkar með rauðu ljósi	RFID/ Opinn	Innstungan er með tímabundna bilun. Bilunin gæti verið ein af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> • Tímatakmarki fyrir staðfestingu náð. • Ekki er hægt að lesa PP-merki frá snúru (á aðeins við um innstungu af gerð 2) • Mótor innstungu gat ekki læst snúruna fasta. • Bifreið óskaði eftir loftræstingu, MODE D
		-	Slökkt er á hleðslustöðinni, ekkert tákni er kveikt. Hleðslustöðin hefur verið stillt til að vera slökkt eða hún er að endurræsa sig. Gæti verið notað til að koma í veg fyrir notkun á meðan skipulagt viðhald fer fram.
	Blikkar með bláu ljósi	-	Hleðslustöðin er tengd við bakvinnslu/gátt. Aðeins sýnt við ræsingu. Ljósíð blikkar í 5 sekúndur.
	Blikkar með rauðu ljósi	RFID/Opinn	Hleðslustöðin gat ekki tengst við gáttina við ræsingu. Aðeins sýnt við ræsingu. Ljósíð blikkar í 5 sekúndur.

Athugið

Ef ekkert rafmagn er á hleðslustöðinni er ekki kveikt á neinum táknum. Biddu um viðgerð.



Ábyrgðaryfirlýsing CTEK E-Mobility

Ábyrgðarskilmálar fyrir CHARGESTORM® Connected.

1. CTEK E-Mobility ábyrgist gagnvart þér, endanlegum notanda, að varan CHARGESTORM® Connected, aukahlutir og fylgihlutir séu án galla í efnum og samsetningu í eitt ár frá kaupdegi. Ef CTEK E-Mobility fær tilkynningu um slíka galla á ábyrgðartímabilinu mun CTEK E-Mobility, að eigin vali, annað hvort gera við vöru eða skipta út vöru sem reynist vera gölluð. Vörurnar sem koma í stað þeirra gölluðu geta verið nýjar eða með jafngilda virkni og nýjar.
2. CTEK E-Mobility ábyrgist að CTEK E-Mobility hugbúnaður muni virka á réttan hátt yfir þann tíma sem lýst er í 1, eftir kaupdag, og innihaldi enga galla í efnum eða uppbyggingu þegar hann er rétt settur upp og notaður. Ef CTEK E-Mobility fær tilkynningu um slíka galla á ábyrgðartímabilinu mun CTEK E-Mobility skipta út hugbúnaði sem framkvæmir ekki forritunarskipanir sínar vegna slíkra galla.
3. CTEK E-Mobility ábyrgist ekki að notkun á CTEK E-Mobility vörum verði án truflana eða villulaus. Ef CTEK E-Mobility getur ekki, innan hæfilegs tíma, gert við vörur eða skipt út vörum samkvæmt ábyrgð, hefur þú rétt á að fá kaupverðið endurgreitt gegn því að skila vörunni.
4. CTEK E-Mobility ábyrgðin gildir í öllum löndum og á öllum stöðum þar sem CTEK E-Mobility er með sölufulltrúa fyrir þessari vöru og þar sem CTEK E-Mobility hefur sett þessa vöru á markað. Ábyrgðarþjónustan sem þú færð getur verið mismunandi eftir innlendum stöðlum. CTEK E-Mobility mun ekki breyta lögun, formi eða virkni vörunnar til að hún geti virkað í landi þar sem henni var aldrei ætlað að virka af lagalegum eða reglutengdum ástæðum.
5. Ábyrgð á ekki við um galla eða bilanir sem verða til vegna (a)rangs eða ófullnægjandi viðhalds eða stillingar, (b) hugbúnaðar, viðmóts eða hluta frá öðrum birgja en CTEK E-Mobility, (c) óleyfilegra breytinga eða misnotkunar, (d)notkunar utan uppgefinna umhverfisskilyrða fyrir vöruna, eða (e) rangs undirbúnings á notkunarsvæðinu eða viðhaldi.
6. Eftir því sem staðarlög leyfa eru ofangreindar ábyrgðir með einkarétt og engar aðrar ábyrgðir eða skilmálar, skrifleg eða munnleg, eru veitt eða gefin í skyn og CTEK E-Mobility afsalar sér sérstaklega allri óbeinni ábyrgð eða skilmálum sem varða söluhæfi, fullnægjandi gæði, og hæfni fyrir ákveðinn tilgang. Sum lönd, fylki eða svæði leyfa engar takmarkanir á gildistíma beinnar ábyrgðar, þannig að ofangreind takmörkun eða útilokun gæti ekki átt við um þig. Þessi ábyrgð veitir þér ákveðin lagaleg réttindi og þú gætir einnig notið annarra réttinda sem eru mismunandi á milli landa, fylkja og svæða.

7. Eftir því sem staðarlög leyfa eru úrbæturnar í þessari ábyrgðaryfirlýsingu einu mögulegu úrbæturnar. Fyrir utan það sem tekið er fram hér á undan mun CTEK E-Mobility eða birgjar þess í engum tilfellum bera ábyrgð á gagnatapi eða á beinum, sérstökum, tilfallandi, afleiddum (þar á meðal gróða- eða gagnatap) eða öðrum skaða, hvort sem hann byggist á samningi, hópsókn eða á annan hátt. Sum lönd, fylki eða svæði leyfa engar útilokanir eða takmarkanir á tilfallandi eða afleiddum skaða, þannig að ofangreind takmörkun eða útilokun gæti ekki átt við um þig.

Ákvæðin í þessari yfirlýsingu, fyrir utan það sem lög leyfa, útiloka ekki, takmarka eða breyta lögbundnum réttindum sem tengjast sölu á þessari vöru til þín og þau eru viðbót við þau réttindi.



Aðstoð vegna CHARGESTORM® Connected

Support vinn.

CTEK E-Mobility býður viðskiptavinum upp á nokkrar leiðir. Ef þú hefur spurningar eða átt í vanda, geturðu leitað lausnar á eftirfarandi hátt:

1. Leitaðu að upplýsingum í þessari notandahandbók.
2. Farðu á vefsíðu CTEK E-Mobility: www.ctekemobility.com
3. Sendu póst á þjónustunetfang CTEK E-Mobility: emobilitysupport@ctek.com
4. Hringdu í þjónustuver CTEK E-Mobility (símanúmerið má finna á vefsíðunni).